



í hlutarins eðli / the nature of things

Studio Granda

Kjarvalsstaðir  
Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Municipal Art Museum

april - maí 1995

Byggingarlist er ein af höfuðgreinum sjónlista, náteynd höggmyndalist og málalalist. Sökum þess hve varanleg húsagerð á sér skamma sögu hér á landi er það almennt ekki viðtekið skilningur að hönnun bygginga sé listræn sköpun, á sama hátt og bókmenntir, tónlist, myndlist og leiklist. Byggingarlist hefur vart náð að festa sig í sessi hér á landi sem þáttur í almennri menningarvitund og efling hennar hefur ekki fram að þessu verið hluti af opinberri menningarstefnu. Rúmt ár er liðið síðan sérstök byggingarlistardeild hóf starfsemi sína í tengslum við Listasafn Reykjavíkur. Í tengslum við starfsemi byggingarlistardeildar hefur verið tekin upp sú nýbreytni innan Listasafns Reykjavíkur að bjóða íslenskum arkitektum og hönnuðum að sýna verk sín í sýningarrými Kjarvalsstaða, á hliðstæðum forsendum og myndlistarmönnum. Í hlutarins eðli er sýning á ljósmyndum, líkönnum og uppdráttum af byggingum og tillöguverkefnum eftir Studio Granda. Þessi hópur arkitekta var stofnaður árið 1987 af þeim Margréti Harðardóttur og Steve Christer, en það sama ár hlutu þau 1. verðlaun í opinni hönnunarsamkeppni um Ráðhús Reykjavíkur. Þrátt fyrir skamman starfsaldur hafa hinir ungu arkitektar náð að skapa sér vissa sérstöðu hér á landi fyrir verk sín, sem ýmist hafa vakið efasemdir eða aðdáun. Með listrænu framlagi sínu sem höfundar tveggja mikilvægra stórbygginga í miðbæ Reykjavíkur hafa þau þegar markað spor í þróunarsögu húsagerðar í höfuðborginni. Menningarmálanefnd Reykjavíkur er það mikil ánægja að kynna gestum Kjarvalsstaða verk Studio Granda.

*Architecture is one of the main branches of the visual arts, closely related to sculpture and painting. Because of the short history of building from permanent materials in Iceland, the design of buildings is still not widely accepted as an act of artistic creation on a par with literature, music, the fine arts and drama. Architecture has hardly managed to establish itself in general cultural awareness in Iceland and its promotion has so far not been part of official cultural policy. Just over a year ago, a separate Architectural Department was set up within the Reykjavik Municipal Art Museum, which is supporting its activities with a new exhibition programme. Architects and designers are being invited to exhibit their works at Kjarvalsstaðir on similar terms to other visual artists. In the Nature of Things is an exhibition of photographs, models and drafts of buildings and project proposals by Studio Granda. This architectural firm was established in 1987 by Steve Christer and Margrét Harðardóttir, who the same year won first prize in an open design competition for the Reykjavik City Hall. Even at this early stage in their careers, these young architects have achieved a distinct status in Iceland for their works, which have aroused both controversy and admiration. With their artistic contribution as designers of two major buildings in the centre of Reykjavik, they have already left their mark on the history of architectural development in Iceland's capital. It is a great pleasure for the Cultural Committee of the City of Reykjavik to present the work of Studio Granda to visitors to Kjarvalsstaðir.*

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar / Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavik





Tilneikað öllum þeim sem af þolinmæði og trúfestu styrktu gerð þessara verka.

*Dedicated to each and every one whose belief, patience and support made this work possible.*

*Í öllum hlutum leynast brestir,  
þannig kemst ljósið inn* Leonard Cohen

Ísland er eins og heilsteypt hella þar sem brestir í yfirborðinu vitna um kviku, sem undir býr. Fyrstu kynni okkar af Studio Granda voru í tengslum við sýninguna "11 Cities 11 Nations" í Hollandi árið 1990. Skipuleggjendur sýningarinnar leituðu samleitni myndlistar og byggingarlistar á norðurjaðri Evrópu, túlkunar jaðarsvæða Evrópumeningar, sem mótvægis við hefðbundinn, miðstýrðan hugsunarhátt álfunnar. Hvað sem þessum háleitu markmiðum leið varð sýningin til þess að vináttubönd mynduðust milli þátttakenda. Við gerðum okkur strax grein fyrir sérstöðu íslenska skálans sem var í senn harðneskjulegur og ljóðrænn og sneiddi hjá öllum óþarfa. Blár ljósbaugur og hvítur ljóshringur mynduðu einfalda umgjörð um hugmyndaverk listamannsins Kristjáns Guðmundssonar, sem unnið var úr grafiti og pappír. Þegar gengið var inn í uppstillinguna var stigið inn í annan heim sem tók aðeins fáa inn í geislahjúp sinn. Tveimur árum síðar, þegar við höfðum ekið klukkustundum saman í gegnum viðáttur Íslands, komum við á stað, þar sem greina mátti aðra bifreið í fjarska. *Hér eru of margir*, heyðist muldrað og síðan var ferðinni haldið áfram.

*Ljós og skuggi eru jafn mikilvæg og byggingarefnin sjálf* Studio Granda

Frá fyrirlestri Studio Granda á vegum Írska arkitektafélagsins minnumst við nærfærinnar lýsingar sem fylgdi svart-hvítum ljósmyndum af Ráðhúsinu í byggingu. Hér voru ungir arkitektar, með ferska sýn á tilurð bygginga, sem beindu augum að skuggamyndum vinnupalla á steypumótalekana. Þetta tímabundna ástand byggingarinnar var í okkar huga vísbending um það sem í vendum var – ógleymanleg áhrif fimmtán, eggskarpra súlna, þar sem sveigja álmunnar veldur sýndarhliðrun skugganna á glerveggnum að baki.

Sem starfandi arkitektar í öðru norðlægu eyriki, Írlandi, finnum við til samkenndar með viðfangsefnum Studio Granda. Áhuginn beinist að séreinkennum þess umhverfis, sem þau hrærast í, veðurfari, byggingarefnum og íslenskrí menningu, en jafnframt þátttöku í almennri umræðu arkitekta úr ólíkum heimshornum. Þegar við heimsóttum Reykjavík urðum við

fyrir sterkum áhrifum af umhverfinu – frá svartbrunninni jörðinni, harðneskjulegu landslagi og veðri, átökum hita og kulda, og smáum og fingerðum frumgróðri – allt er þetta hluti af ráðhúsinu. Meginstyrkur verksins er fólgin í þeirri ísköldu næmni, sem einkennir endanlega útfærslu byggingarinnar. Verkinu hefur verið fylgt eftir hvert fót mál, allt frá grófustu steypumótum til finlegustu stálsmiði.

Í hinni norðlægu höfuðborg Reykjavík þarf ekki að leita langt til að komast í snertingu við stórbrotið, íslenskt landslag. Ráðhús Reykjavíkur virðist teygja sig út á móti vatnsfleti Tjarnarinnar eins og til að opna honum leið inn undir og í gegnum bygginguna. Þessi fljótandi undirstaða, sem leikur um húsið, er óaðskiljanlegur hluti af heildarhugmyndinni.

Húsið í Wiesbaden byggir á sama grunni og Ráðhúsið, þ.e. uppstillingu rýma á sveigðri slóð. Að baki huglægum skýringartexta, sem svarar torræðum skilmálum samkeppninnar, býr hugmynd sem á sér skýrar forsendur í aðstæðum í dreifbyggðu úthverfi, mótuð af öruggri formtilfinningu. Áhersla er lögð á kubbslaga húsform, sem ýmist eru rofin til að leiða í ljós innri skipan eða teygð út í leit að samhengi við ystu endamörk lóðarinnar. Lóðréttir, fleygaðir timburleiðarar, utan á liggjandi bordaklæðningu útveggjarins, mynda skugga á veggfletinum og munu í tímans rás hafa áhrif á veðrun hans.

Í Ráðhúsinu, húsi Hæstaréttar og samkeppninni í Durham er lögð áhersla á forgangsroðun rýma og ákvedna hrynjandi í samtengingu. Risavaxinni háskólabýggingunni í Durham er deilt niður í radir aðgreindra húshluta sem tengjast innbyrðis um leiðir sem greinast út frá miðju verksins. Á milli bygginganna myndast afmörkuð útirými er opnast á móti landslaginu. Umfang bygginganna er brotið niður með því að skipa herbergjum í húscinngar umhverfis hvern stigakjarna. Hliðstæð uppskipting er sett fram með sýnilegri hætti í stjórnumarálmu Ráðhússins, sem deilt er upp í fjóra hluta, eins konar "hús", með skrifstofum í hnapp umhverfis stiga í miðju. Í Durham verkefninu virðist uppdeilingin fremur eiga sér félagslegar en formrænar forsendur. Þetta er allt gert í þeim tilgangi að bygging og umhverfi myndi samgróna heild. Margt konar tilvísanir í jarðföst björg, skurði og jarðmyndanir eru meira í ætt



við landslagslist, en hina hefðbundnu ímynd breskrar sveitrasælu. Færa má fyrir því rök að þessar skírskotanir eigi sér vissar rætur í hrjóstrugu umhverfi Norður-Englands, í rómverskum veggheðslum og mannvirkjaleifum frá tímum iðnhyltingarinnar, sem þar er að finna, á heimaslóðum Steve Christers. Í okkar huga er þó önnur skýring nærtækari. Vistin á Íslandi veldur því að þau líta hlutina öðrum augum. Í úrlausn Durham verkefnisins er fólgin einlæg virðing fyrir formi landslagsins og þeim kröftum, sem það hafa mótað. Íslenskt landslag er ekki myndrænt í hefðbundnum, evrópskum skilningi þess hugtaks, fremur er um að ræða landslag án myndrænna sjónhrifa. Harðneskja landsins og varanleiki, sem ólgandi frumöfl hafa sett mark sitt á, eiga sér hliðstæðu í verkum Studio Granda.

Teikningar þeirra af Durham verkefninu eru látausar. Áhorfandanum er gert kleift að greina meginatriði hugmyndarinnar án leiðandi myndskýringa. Aðdáunarverður einfaldleiki teikninganna gefur í raun litla mynd af margbrotinni lagskiptingu efnis og áferðar, sem hefði gefið þessu verki mjög sérstakt og sígilt yfirbragð. Þessi sami eiginleiki er fyrir hendi í húsinu í Wiesbaden, þar sem fáum en innbyrðis ólíkum efnium er stillt saman af miklum hagleik.

Það er miður að dómendur í Durham samkeppninni skyldu ekki meta að verðleikum þá hugkvæmni sem fólgin var í hugmynd Studio Granda um samband byggingar og landslags, en verkið leiðir þó grun að því hvernig þau myndu takast á við óhefta viðáttu íslensks landslags. Það er hluskipti arkitekta að beita upp í vindinn og líta á tapaða orrustu sem áfangasigur í stöðugri framþróun hugmynda.

Í House of 19 er dregin upp torræð mynd af lífsháttum og innbyrðis tengslum íbúanna án þess að gerð sé grein fyrir ytra hjápi hússins. Verkið ber þess vitni að samstarf arkitekts og listamanns hafi verið árangursríkt og ánægjulegt. Lagt er út frá níttján skilyrðum húseigandans sem mynda eins konar lyklu að ófyrirsjáanlegu, innra samhengi hússins. Ryksugan og straujárníð marka leiðina í gegnum húsið. Sneiðmyndalíkanið af undnu rýminu, mótuðu í efni, styrkir eiginleika þessa sérvískuverks.

Hugmyndaleit af þessu tagi, án gefins fyrirheits, er nauðsynlegt mótvægi við raunveruleg byggingarverk eins og hús Hæstaréttar Íslands, sem byggir fyrst og fremst á raunsæi og skynsemi. Tekist hefur að skapa samþjappaða byggingu sem þó gefur svigrúm til áhugaverðrar rýmismyndunar í tengslum við umferðarleiðir almennings um húsið. Burðargrind hússins hefur ekki áhrif á ytra útlit, eins og í Ráðhúsinu, sem að hluta til á sér skýringu í forsögn. Húsið, sem virðist jarðbundið og efnismikið, er lagað með gætni að sérkennum nánasta umhverfis. Þann hluta byggingarinnar sem almenningur á aðgang að má skoða sem sjálfstæða heild, forsalurinn opnast út í garðinn og aflíðandi gangur veitir aðgang að dómsölum. Aðrir hlutar hússins líkjast völundarhúsi þar sem rétturinn hefur umráðasvæði sitt. Ólíkt Ráðhúsinu, þar sem skírskotað er beint til náttúrunnar, er hér að finna óljósari jarðfræðilíkingar. Þannig endurómar byggingin á vissan hátt hljómfall fjarlægara landslags.

Víkjum aftur að House of 19, þar sem hlý, bólstruð teppi minna óneitanlega á bitandi vetrarkuldann. Vistarverur eru samt sem áður galopnar og rúmgóðar, þótt skjólgóð tjöldin loki úti ímyndaðan vetrarkulda.

Skýr efnisnotkun, náttúrusteinn, mosa- og klakaklæddir veggir og veðrunarpolin efni, eru til marks um innblástur sem fenginn er úr umhverfinu, byggingarhefð landsins og einstakri jarðfræði íslenskrar náttúru. Meðhöndlun á steinsteypu og grófgerð fágum útfærsluatriða er í anda þess sköpunarkrafts sem finna má í stórvirkri mannvirkjagerð frá þessari öld, s.s. virkjunum og stíflum. Eftir fyrstu kynni af ljóðrænni og djúpstæðri hugsun að baki *11 Cities* sýningarskálans höfum við fylgst með áhugaverðri þróun, frá því afreki, sem Ráðhúsið var, skýru og finlegu húsinu í Wiesbaden, allt til fagaðrar form-sköpunar í húsi Hæstaréttar. Við vitum að verk af þessu tagi eru ekki sjálfsögð heldur árangur óvenjulegrar harðfylgni og óþrjótandi atorku.

Sheila O'Donnell  
John Toumey



*There is a crack in everything, that's how the light gets in* Leonard Cohen

Iceland is a solid block which has cracks that reveal the fiery turbulence within. We first met Studio Granda in the unlikely forum of the 11 Cities 11 Nations exhibition in Friesland in 1990. The exhibition organisers were seeking a convergence of Nordic art and architecture, an expression of European culture as perceived from the periphery, in opposition to conventional centralised thinking. Falling short of forging a new identity, at least some new friendships were formed. We were straightaway impressed by the singularity, toughness, pragmatism and poetry of the Icelandic pavilion. With circles of blue and white light, they made a minimum environment for Kristján Guðmundsson's conceptual artwork in paper and graphite. Entering the installation was a step into another kind of space, which tolerated only small numbers of visitors within its aura. Two years later, having driven for hours through the Icelandic vastness, we arrived at a point of view from where we spotted another visitor's vehicle – 'too crowded here' they muttered and we moved on.

*Light and shadows are as important as building materials* Studio Granda

We remember from their lecture to the Architectural Association of Ireland the loving regard with which Margrét described the black and white photographs of the City Hall under scaffold. Young architects viewing the stuff of building with fresh eyes, relishing the sculptural shadows of the scaffold armature on the concrete casing. This temporary condition prefigured for us the unforgettable visual effect of 15 razor sharp columns, their shadows offset in parallax against the curtain wall.

As architects working in Ireland, another northern island nation, we feel a sense of recognition of the issues which preoccupy Studio Granda. An interest in relating to the particular in their context – the climate, the material, the culture of Iceland – at the same time as engaging in a more general conversation with architects elsewhere. On visiting Reykjavik, we could feel something in the black scorched earth, the hardness of the landscape and climate, the contrast of hot and cold and

the celebration of small areas of vegetation which is embodied in the City Hall building. The real strength of the project is confirmed by the ruthless sensitivity of its realisation, the architects have seen the thing through from the blue sheer concrete form to the steel bar railing details.

Nowhere in the outpost city of Reykjavik is very far out of contact with the wider and magnificent landscape of Iceland. Studio Granda's City Hall seems to reach out to invite the horizontal surface of the lake inside and the scheme depends for its completeness on the involvement of this liquid plinth.

The Wiesbaden House is connected to the composition of the City Hall by offset volumes on a curving path. Beyond the artifice of the architect's text, written in response to an abstruse brief, there is a direct interpretative response to the suburban condition with a sure-handed sense of form. There is an emphasis on the solid block peeled away to reveal its inner organisation or tensely poised to control the larger dimensions of the site. The vertical tapered battens fixed over horizontal boarding create shadows and encourage a pattern of weathering over time.

The City Hall, High Court and the Durham project share a concern with hierarchy and procession. The very large building for Durham University is broken down into a series of elements, somewhat akin to James Stirling's St. Andrew's building but looped on itself to give a centre to the processional route. These blocks of building define spaces which open out to the landscape. Its large scale is mediated by grouping rooms into units around staircases; this also appears in the City Hall but in a more pronounced way where offices grouped around staircases are expressed as houses. In Durham the grouping seems to spring more from a social than a physical intention. This design is especially driven by a desire to unite building and landscape expression. With its many references to solid blocks of stone, cuttings and earth formations it seems closer to land art than to traditional cosy English imagery. This work could be argued to emerge out of an appreciation of the hard-edged ruggedness of the north of England, from the Roman walls to industrial dinosaurs, Christer's home country. However, we know that having



cut their teeth in Iceland they see things differently. There is a deep appreciation of landform and forces in this work. Iceland is not scenic in the conventional European sense of the word – rather it is a landscape devoid of scenery. Its quality of hardness and permanence intercut with effervescent elements has a parallel in the work of Studio Granda.

Their drawings are very practical, expecting you to recognise the concept without illustrative depiction. There is an admirable dryness to the drawings which belies the complex overlay of materials and pattern which would have given this building a very special and lasting quality, a quality which exists in the Wiesbaden House where a small number of contrasting materials are used with great finesse.

It is a pity that the assessors for the Durham College competition did not better recognise the landscape strategy of the Studio Granda project but now we can imagine what they might do with a building outside the city in the unfenced Icelandic terrain. It is an architect's lot to convert today's disappointment into tomorrow's positive energy for the continuing project.

House of 19 is liberating in its separation from an absolute description of the external envelope and in its enigmatic depiction of a way of life and a set of relationships. This appears to have been a most fruitful and enjoyable artistic collaboration where the 19 precise requirements of the client have been celebrated and raised to the status of icons and have thereby opened a new set of possible architectural relationships. The vacuum cleaner and the iron describe a route through the house. The sliced bread model of solid space in twist adds to the pleasure of this quirky exercise.

Such open-ended investigations complement the extremely practical and real issues under consideration in the High Court, a very satisfyingly compact building which has a generosity of movement in the public area. There is less emphasis on the open frame than in the City Hall, partly attributable to programme, more of a sense of a solid block which lightly negotiates with the particularities of the site. We enjoy the way in which the pub-

lic experience only a part of the building which has an apparent completeness – the entrance hallway with garden views and the ramp with major rooms (vacuum cleaners, household appliances) off it. The rest, quite warren-like, is the domain of the judges and the staff. In a development from the direct contact of the City Hall, the High Court seeks to communicate more by geological analogy, acting like a resonator in sympathetic vibration with the wider landscape.

Back in House of 19 you feel the cosiness of the curtains, combating the bitter climate. Yet the spaces are open and generous, baffled by these curtains from the almost imaginary cold.

In their elemental use of basalt, volcanic rock, moss walls and naturally weathering materials we can sense the inspiration they have drawn from the indigenous architecture and the unique geology of Iceland. In their use of concrete and the rugged refinement of the details of their buildings we can feel the energy of 20th-century engineering projects, hydro-electric stations and dams. Having being struck on first sight by the intellectual focus and poetic presence of their 11 Cities pavilion, we have appreciated the progress in their work from the impressive achievement of the City Hall and the elegant clarity of the Wiesbaden House to the sculptural sophistication of the High Court. We recognise that work like this does not come easy, not without unusual commitment and sustained energy.

Sheila O'Donnell  
John Tuomey



**Arnarhóll**  
samkeppni 1984

Tillagan byggir á hugmynd um að grafa fjölnotarými í bergið undir hólnum og nýta úgröftinn til uppbyggingar á hafnargarðinum. Rýmið er hitað með jarðvatni sem seytlar niður beran klettavegginn. Yfirborð hólsins helst nær óbreytt og myndar samfellda grasflöt með torfbaki rýmisins við Ingólfsstræti. Göngustigar liggja í gegnum hólinn í skjóli frá veðri og vindum og veita góða yfirsýn yfir lífið í berginu.

*competition project 1984*

*An ideas competition proposal for a multi-media centre hewn from the bedrock of a sacred hill in the heart of Reykjavik. The excavated material could be used to extend the adjacent sea defences. The centre is roofed with a veneer of turf and heated by geothermal water tricking down the quarry-like walls. Routes across the site pass through the hill to give protection from the elements and allow views over events in the hall.*

**Stúdentagarðar**  
samkeppni 1985

Samkeppnin var um nýjar fjölskyldubúðir fyrir Háskóla Íslands. Byggingin hringar sig utan um hjónagarðana við Suðurgötu og myndar tvo skjólgóða innigarða í vari frá veðri og flugvélahávaða. Sólríkur nyrðri garðurinn er opinn og þar er leikskóli. Syðri garðurinn er hins vegar lokaðri og þar ríkir kyrrð umhverfis gamalt timburhús sem gert er upp fyrir lesstofur.

*competition project 1985*

*A housing project for university student families. The new building is wrapped around an existing residential block to create two courts sheltered from the weather and the noise of the adjacent domestic airport. The sunny northern court is open and houses a creche. By contrast, the shaded south court is silent and contained for contemplation and study in a remodelled timber house.*

**Alþingi**  
samkeppni 1986


Samkeppnin var um nýbyggingu fyrir skrifstofur Alþingis á lóðinni við Kirkjustræti og skyldi byggingin tengjast gamla Alþingishúsinu um undirgöng. Forsögn hússins var mikil og flókin og þróaðist í tillögu að byggingu sem var skipulögð líkt og þorp þar sem stígakerfi tengdi húsaþyrpingar með ólíka notkun. Innirými eru dregin fram í ytra útliti sem hlaðið er skírskotunum til sögu og menningar þjóðarinnar.

*competition project 1986*

*This project for the Icelandic parliament offices is sited adjacent to the existing parliament building of 1881 and connected to it by an underground passage. The large and complicated program generated a building analogous to an autonomous village with a network of routes serving clusters of functions. The internal volumes are expressed on the façades of the building with metaphorical references to the nations history and culture.*



Arnarhóll



Stúdentagarður



Alþingi

## Ráðhús Reykjavíkur

samkeppni 1987

frákvæmd 1988-1992

Ráðhúsið stendur á norðurbakka Tjarnarinnar, í hjarta gamla miðbæjarins. Byggingin á sér rætur í umhverfinu og endurspeglar aðgreindir hlutar hússins þær andstæður sem þar er að finna. Borgarstjórnarbyggingin í norðri, vettvangur stjórnmalanna, er ferhyrind og þung og tekur mið af mælikvarða og reglu bygginganna í norðri. Skrifstofubyggingin í suðri, sem hýsir stjórnsýslukerfið, hefur léttara yfirbragð og opnast í suður, út yfir Tjörnina, sveipuð skuggavef og dansandi endurskini frá vatnsfletinum.

Í rýminu á milli bygginganna er svartur veggur þar sem skilyrði eru góð fyrir mosa-gróður. Bogadregin tjörn í kverkinni milli Tjarnargötu og Vonarstrætis færir vatnið og lífríki þess í návígi við eril miðbæjarins.

Inni í Ráðhúsinu er greið leið í alla hluta hússins, jafnt sali, skrifstofur sem athafnasvæði borgarstjórnar. Á jarðhæð hússins eru vegamót mikilvægra gönguleiða sem tengja Ráðhúsið við samgöngunet borgarinnar. Leið almennings um húsið skarast þannig við vettvang stjórnmal- og embættismanna, sem starfa í þeirra þágu. Vilji menn ræða málin nánar er kaffistofan við vatnsflocinn tilvalinn staður.


competition 1987

construction 1988-1992

*The City Hall is located on the northern bank of the lake 'Tjörnin' in the historical centre of Reykjavik. The design is informed by the two dominant systems existent in this place: To the north the City Council Building, housing the political functions, is massive and orthogonal, respecting the urban scale and order of the existing city fabric. To the south the primarily bureaucratic Office Building has a lighter structure, open to the lake and veiled in a filigree dance of shadows.*

*In the space between the two structures a wall of black lava creates the conditions for the growth of moss and new reflecting pool offers an urban habitat for aquatic fauna.*

*Within the City Hall, rooms for functions, offices for the daily running of the municipality and the City Council plenary are all visually open and physically accessible. The openness is reinforced by the ground floor which is traversed by one of the primary walking routes in the city, encouraging an interaction between citizens and the politicians and bureaucrats who serve them. More intimate relationships are often developed in the lake-side café.*



## Ráðhús Reykjavíkur

samkeppni 1987

framkvæmd 1988-1992

Ráðhúsið stendur á norðurbakka Tjarnarinnar, í hjarta gamla miðbæjarins. Byggingin á sér rætur í umhverfinu og endurspeglar aðgreindir hlutar hússins þær andstæður sem þar er að finna. Borgarstjórnarbyggingin í norðri, vettvangur stjórnmalanna, er ferhyrnd og þung og tekur mið af mælikvarða og reglu bygginganna í norðri. Skrifstofubyggingin í suðri, sem hýsir stjórnsýslukerfið, hefur léttara yfirbragð og opnast í suður, út yfir Tjörnina, sveipuð skuggavef og dansandi endurskini frá vatnsfletinum.

Í rýminu á milli bygginganna er svartur veggur þar sem skilyrði eru góð fyrir mosa-gróður. Bogadregin tjörn í kverkinni milli Tjarnargötu og Vonarstrætis færir vatnið og lífríki þess í návígi við erl miðbæjarins.

Inni í Ráðhúsinu er greið leið í alla hluta hússins, jafnt sali, skrifstofur sem athafna-svæði borgarstjórnar. Á jarðhæð hússins eru vegamót mikilvægra gönguleiða sem tengja Ráðhúsið við samgöngunet borgarinnar. Leið almennings um húsið skarast þannig við vettvang stjórnmalá- og embættis-manna, sem starfa í þeirra þágu. Vilji menn ræða málin nánar er kaffistofan við vatnsfötinn tilvalinn staður.


competition 1987

construction 1988-1992

*The City Hall is located on the northern bank of the lake 'Tjörninn' in the historical centre of Reykjavík. The design is informed by the two dominant systems existent in this place: To the north the City Council Building, housing the political functions, is massive and orthogonal, respecting the urban scale and order of the existing city fabric. To the south the primarily bureaucratic Office Building has a lighter structure, open to the lake and veiled in a filigree dance of shadows.*

*In the space between the two structures a wall of black lava creates the conditions for the growth of moss and new reflecting pool offers an urban habitat for aquatic fauna.*

*Within the City Hall, rooms for functions, offices for the daily running of the municipality and the City Council plenary are all visually open and physically accessible. The openness is reinforced by the ground floor which is traversed by one of the primary walking routes in the city, encouraging an interaction between citizens and the politicians and bureaucrats who serve them. More intimate relationships are often developed in the lake-side café.*









Hugmyndagrunnur þessa húss er spröttinn úr fimmtánda aldar skáldsögu, 'Hypnerotomachia Poliphili'. Verkið skiptist í tvo aðgreindla hluta, gestahús kennt við Satúrnus og íbúðarhús kennt við Delíu.

Satúrnus er í þessu samhengi tákn tímans, sem bæði skapar og eyðir, og er hugleiðing um hverfuleika tilverunnar. Þak gestahússins er lagt blýi og veggirnir mynda rauðan múr gagnvart umhverfinu, sem er einungis rofinn þar sem innirýmin opnast út í fríðhelgi einkagarðsins.

Delía, hin hófsama veiðigyðja, gyðja æsku, atorku og hreysti, endurspeglar nútímatilveru. Ysta kápa hússins er úr sedrusviði sem sólin upplitar smám saman. Kápan er skorin, sveigð, götuð, eða látin óhreyfð, svo sem á austurgafllinum, þar sem morgunsólin dregur fram milda skuggahreyfingu yfir flötinn, frá suðri til norðurs.

Sedrusviðarstigi frá þakgarðinum breytist í stálstiga er nær dregur efri hæð hússins. Milli hæða er stiginn úr eik og tengist hann inngangsási hússins, þar sem gestum opnast leið út úr skugga Satúrnusar yfir léttu brú inn í anddyri Delíu. Stiginn heldur áfram, svartur og flísalagður, niður í undirdjúp kjallarans.


*This project for a residence gains its name and conceptual inspiration from, 'Poliphil', the hero of the fifteenth-century allegorical novel 'Hypnerotomachia Poliphili'. It is composed of a guest house 'House of Saturn' and the main dwelling 'House of Delia.'*

*Saturn symbolises the idea that time creates and then destroys its creation, a symbol of life's fallibility. His roof is of lead and publicly expressionless red-render walls open only to the privacy of the garden.*

*Delia, the chaste goddess of youth, energy and health, epitomises our modern times. Her superficiality is clad in sun-bleached cedar, which is cut, swept-up, punched out, or as in the east, left fallow where a gestural twist from north to south is revealed by the rising sun.*

*From the roof garden of Delia a cedar stair metamorphoses into steel as it descends to the upper, sleeping, level. The stair becomes oak as it winds downwards to the linearly planned ground level to welcome guests escaping the shadow of Saturn. Black tiles lead below to a subterranean chamber for hedonistic pleasure, and to a laundry room.*


Ground Floor











### Hæstiréttur Íslands

samkeppni 1993  
framkvæmd 1994-

Lóð húss Hæstaréttar Íslands afmarkast af þremur mikilvægum byggingum: Arnarhváli í norðri, Þjóðleikhúsinu í austri og Safnahúsinu í suðri. Mót vestri er hins vegar opið yfir Arnarhól og út á Atlantshaf.

Form hússins er eins konar afleiðing þyngdarkrafta bygginganna í kring en er jafnframt mótað af þrýstingi rýmanna innan frá. Húsið lækkar og mjókkar í austur og næst Þjóðleikhúsinu endar það í þakgarði með útsýni yfir lítið torg. Suðurhluti lóðarinnar er skjólgóður garður.

Húshliðarnar eru klæddar forveðruðum eirplötum og sitja á hlöðnum steinsökkli úr fleyguðu, íslensku grágrýti. Græn öldu-hreyfing er dregin fram á garðhliðinni þar sem eirkápan er sveigð frá byggingunni að hallandi grasflötinni. Aðalinngangur hússins í suðvesturhorni er undir 'turni' úr söguðu grágrýti en léttslípað íslenskt gabbro er notað til áherslu á sérstökum stöðum.

Frá aðalinngangi liggur leiðin upp aflíðandi braut að réttarsölum og móttökuherbergjum sem raðað er eftir stærð meðfram göngu-leiðinni. Innri starfsemi réttarins er aðskilin frá almenningi með eins konar véböndum. Í frágangi hússins að innan er skírskotað til togstreitu réttlætis og ranglætis í andstæðum hrjúfra, grófunninna náttúruafna sem sett eru í samhengi við finleg efni og fallegt handbragð.


competition 1993  
construction 1994-



*The city centre site for the new Icelandic High Court is demarcated on three sides by the national library, state ministries and the National Theatre respectively. The west side overlooks the Atlantic Ocean.*




*The form of the building is a result of gravitational forces imparted by the surrounding buildings and the pressures of the enclosed spaces. It is gradually reduced in height and width towards the theatre, terminating in a roof garden overlooking a small square. The southern half of the site is reserved for a new sheltered garden.*

*The façades are clad in pre-patinated copper sheet set upon a hewn basalt plinth. A green frission is induced on the garden façade by pulling the copper from the building to meet a grass bank. The public entrance in the south western corner is demarcated by a sawn basalt-clad 'tower' and other points of emphasis are denoted by honed metamorphic gabbro.*

*Public circulation is by means of a slowly ascending walk which allows the variously sized court and function rooms to be located according to their respective scale. An independent system is employed for the internal functions of the court. The balance of raw and refined internal finishes reinforce the underlying dictum of the project; the space between the relative crudeness of crime and the relative sophistication of law.*









*House of 19* er tilraun til að uppfylla 19 skilyrði sem eru listamanninum Þorvaldi Þorsteinssyni, fjölskyldu hans og öllu þeirra hafurtaski nauðsynleg í daglegu lífi. Húsið á sér engan sérstakan stað og má líkja því við upplýsingadiskling sem inniheldur nauðsynlegar staðreyndir og algildar, mannlegar viðmiðanir. Húsið nýtur ekki útsýnis, enda sér sjónvarp hinum sjóða skjárýni fyrir stöðugu flóði forvitnilegra atburða. Listamaðurinn er hins vegar vel á verði gagnvart einhliða upplýsingamiðlun ljósvakans og kannar því reglulega afstöðu sína gagnvart stjörnunum og gerir nákvæmar veðurmælingar.



*The House of 19* is a response to the 19 essential living requirements of Icelandic artist Thorvaldur Thorsteinsson, his immediate family and their collected artefacts. It has no specific location or site and may be equated with a data-disc; a container of essential information and elements of human reference for universal application. The house has no view as a television provides a constant supply of curiosities for the seasoned window-gazer. Conscious of the filtered quality of the electronic media the artist regularly checks his position relative to the stars and simultaneously takes precise climatic readings.



Einstaklingar fjölskyldunnar hafast ólíkt að í rýmum sem raðað er umhverfis aflíðandi gang. Bólstruð tjöld skipta rýmnum enn frekar, skapa næði til að hugsa og stýra hljómburði. Þar sem góð hvíld er jafn nauðsynleg heilsunni og áreynslan af hlaupum upp hallandi gólfhlötinn er einnig hægt að taka tjöldin niður og flatmaga á þeim.

The members of the family often do different things in a series of spaces distributed around a ramp which can be further subdivided by padded curtains to provide privacy. Since generous provision for rest is as essential for bodily health as changes in level, the curtains can be taken down and lounged upon.

*House of 19* endurspeglar sambandið milli arkitekts, verkkaupa og byggingar, þótt verkið sé ekki útfært nema sem teikningar og líkan. Í samræmi við þetta var erfitt að gera breytingar eftir að línur voru festar á blað eða pappinn skorinn. Listamaðurinn hefur þó sjálfur haldið verkinu áfram með frásögnum úr húsinu.

The house is a model of the relationship between architect, client and building with the drawings and model representing the completed object. Accordingly, as lines were inked and card cut, changes became increasingly hard to incorporate. Now the artist often writes of the life within the house....





RENDERING: ... OF THE FACADE SYSTEM OF THE NEW ... A ... ...  
... ... OF ... ... ... ... ...  
... ... ... ... ...



Durham  
samkeppni 1994

Í þessari tillögu að háskóla í Durham eru rýmin greipt inn í sveitalandslagið. Helstu byggingarefni, kalksteinn og ryðhúðað bårustál, eru jarðbundin og þung en sett í mótvægi við litskrúðugt, rafhúðað ál og finlegar útfærslur úr eik. Byggingarnar eru sveipaðar gróðurþykki sem lítið ber á í viðáttu lóðarinnar umhverfis skólann en verður ríkjandi í umhverfinu er nær dregur byggingunum. Inn á meðal bygginganna tekur við finleg gróðurhula sem sveipar einstaka byggingarhluta.

Form bygginganna er einfalt en rýmin á milli þeirra mynda tengingu við landslagið og sveitina í kring, þar sem sérkenni umhverfisins eru dregin fram án þess þó að samhengið rofni. Þannig er það ekki aðeins hið nánasta umhverfi, sem myndar umgjörð skólalífsins, heldur má hvarvetna greina víðara samhengi við náttúruna og umhverfið utan veggja skólans.

Þungamiðja háskólabygðarinnar er í reglulegri þjónustubyggingu sem opnast út í hringiðu skólalífsins á niðurgöfnum, skjólgöðu torgi. Hlíbýli nemenda eru í röð ryðrauðra langbygginga sem leggjast eins og skuggar yfir graslendið. Herbergi eru beggja vegna stiga sem liggur beint upp á þak og er baðaður í sólarbirtu. Grasþakið nýtist íbúunum jafnt til náms sem útivistar.

competition project 1994


*This proposal for a new Durham College attempts to create a place which appears to have been carved from its rural landscape site. The principal materials, limestone and profiled Cor-ten steel, are heavy and earthy but are set in counterpoint by multicoloured anodised aluminium and delicate oak details. The whole is cloaked in a web of vegetation, quiet and modest on the exposed site, becoming more bold close to the College and delicately refined within.*

*The buildings are individually simple in geometry but are linked in a three-dimensional manner which exploits the special qualities of the site and surroundings while attempting not to impede upon them. Thus as people move between the buildings, they will appreciate the quality not only of their immediate environment but also of the nature in which the College is set.*

*The rectilinear central facilities have a reserved urban ambience about a sunken paved court. By contrast, residential accommodation is provided in a series of rusty buildings which trail like shadows across the pasture. Straight-flight stairs lead to the rooms, an arrangement which allows the penetration of sun deep into the building and access onto the grassed flat roofs.*

**Site Plan**  
**1:1000**  
*at lunch in spring*

- a. main access road
  - b. footbridge
  - c. cycle/footpath
  - d. car parking 225 cars
  - e. entrance yard
  - f. disabled parking 5 cars
  - g. street
  - h. central court
  - i. big court
  - j. grass court
  - k. lawn
  - l. tennis courts
  - m. service yard
  - n. hamlet access
  - o. car parking 50 cars
  - p. sewage treatment plant (proposed)
  - q. finishing pond (proposed)
  - r. lake
  - s. earth dam
  - t. wetlands
  - u. knoll
  - v. windscreen hedge
  - w. windscreen planting
  - x. grazing pasture
  - y. wild grasslands
- 
- A. gate house
  - B. library
  - C. north house
  - D. hedge house
  - E. local house
  - F. knoll house
  - G. hill house (phase II)
  - H. residential complex (phase III)
  - I. health/therapy bath (phase III)
  - J. chapel (proposed)
  - K. central facilities
  - L. private club house and restaurant facilities
  - M. research houses (intercore residences) (phase III)
  - N. resident staff and family (phase III) residences
  - O. single and double flats (phase III)
  - P. senior resident staff residences
  - Q. site maintenance street



## Eva - Company

hönnun og framkvæmd 1994

Verkið er tengibygging á milli tískuverslunarinnar Evu og búðarinnar Companys, þar sem áður var port. Veggir aðlæggra bygginga afmörkuðu rýmið á þrjá vegu og bíl á milli húsa opnaði það í austur út að Frakkastíg.

Þótt nýja verslunarrýmið sé klemmt milli gamalla húsveggja ber það samt blá útirýmis. Lágur gluggi í austur og granítsteinalögnin, sem hallar upp að Frakkastíg, veldur því að steipt, slípað gólfíð virðist halda endalaust áfram í austur.

Hátt er til lofts sem er úr sandblásinni steinsteypu. Innfelld ljós og djúpir þakgluggar vega á móti þunga þess. Veggyfirborð á milli steyptra flatanna er í þrem litbrigðum af gráhvítu en einstakir hlutar eru klæddir oliugljáandi, svörtu stáli.



Nýja verslunin tengist Company um nokkur þrep bak við lágan þvervegg sem gengur áfram út og hefur sterk áhrif á ytra útlit byggingarinnar. Veggurinn styrkir trjálínu, sem þarna er, og leiðir augað áfram að gróðurbelti uppi á þakpalli tengibyggingarinnar.


*design & construction 1994*

*Between the couture boutique 'Eva' and the life-style store 'Company' was a void. The walls of the existing buildings defined the space and a gap between them allowed it to spill out into the side-street 'Frakkastíg'.*

*A construction now fills the void, linking the shops and creating a new emporium. Although deep within the existing fabric, the interior has the impression of being an external space. A polished concrete floor and appears endless as it continues through a window towards the street. The illusion is heightened by the less-than-eye-height of the window and the slight upward ramp of the granite-paved court. The high ceiling is of sand-blasted concrete, its massiveness offset by recessed lighting and deep rooflights. The space between the concrete planes is controlled by three shades of grey-white and details of glistening, black, oiled steel.*

*A few steps connect the new space to Company and their passage behind a short transverse wall is the generator for the external façade. This wall acknowledges the line of existing trees and preempts their continuation as a shrubbery on the new patio roof.*





## Höfðabakkabrú

ráðgjafarverkefni 1994-1995

Í þessu verkefni kemur byggingarlistin fyrst við sögu þegar mannvirkið hefur að mestu verið mótað út frá forsendum umferðar-tækni og hagkvæmni við brúun fjögurra akreina hraðbrautar.

Höfuðvandinn fólst í því að fella þetta risavaxna mannvirki inn í landið þannig að það nyti sín jafnt úr fjarlægð sem í návígi. Viðfangsefnið er margþætt þar sem brúin kemur mönnum ólíkt fyrir sjónir úr hraðskreidum og kyrrstæðum bílum, gangandi vegfarendum eða starfsmönnum í nálægum byggingum.

Ósamhverfir stöðveggir eru til vitnis um kraftana í hallandi landinu og leita jafnvægis við náttúruna, sem er dregin fram í sérvöldum trjám og runnagróðri. Yfirborð stöðveggjanna er þakið harðgljáandi svörtum steini, affalli úr steinullarframleiðslu, sem myndar hlutlausan bakgrunn við fjöl-skrúðuga litaflóru bílanna þar sem þeir þjóta framhjá tignarlegum, þrístrendum stálsúlum. Harðviðarhandrið úr heilum trjábolum veitir gangandi vegfarendum áþreifanlegt öryggi og örlitla hlýju í umhverfi þar sem billinn er allsráðandi.

consultancy 1994-1995

*A project for a highway interchange in Reykjavik. An architecture informed by the physical constraints of vehicular control and the engineering of efficiently bridging a four-lane highway.*

*The principal challenge was to engage an object of huge scale into its immediate surroundings and the landscape of the horizon. This task was further embellished by the varying perceptions of the object from fast-moving and stationary cars, as well as pedestrians and the occupants of the neighbouring buildings.*

*Asymmetric flank-wall elements acknowledge the forces existent in the gently sloping site, hopefully capturing a natural balance which is reinforced by selected tree and shrub species. By contrast the walls are finished in hard, shiny-black synthetic flint which sets a stage for multi-coloured cars rushing past the festive steel pendulum columns. A hardwood handrail of tree-trunk proportions gives the bridge-crossing pedestrians warmth and a sense of security in this predominately machine-friendly environment.*

Arnarhóll	fjölnotarymi innkeypt samkeppnistillaga	<i>multi-media centre purchased competition project</i>	Reykjavík, Ísland 1984
Stúdentagarðar	hjónagarðar við Háskóla Íslands innkeypt samkeppnistillaga	<i>student halls of residence purchased competition project</i>	Reykjavík, Ísland 1985
Alþingi	skrifstofur Alþingis innkeypt samkeppnistillaga	<i>parliamentary offices purchased competition project</i>	Reykjavík, Ísland 1986
Ráðhús Reykjavíkur	ráðhús samkeppni hönnun framkvæmd	<i>city hall competition design construction</i>	Reykjavík, Ísland 1987 1987-1992 1988-1992
Bakkavör	íbúðarinnrétting hönnun framkvæmd	<i>residence interior design construction</i>	Seltjarnarnes, Ísland 1988-1990 1989-1990
Reykjavík	uppstilling hönnun framkvæmd samstarfslistamaður	<i>installation design construction collaborating artist</i>	Leeuwarden, Nederland 1989-1990 1990 Kristján Guðmundsson
Aktion Poliphile	íbúðarhús samkeppni hönnun framkvæmd	<i>residence competition design construction</i>	Wiesbaden, Deutschland 1989 1989-1991 1990-1992
Bílastæði Alþingis	bílastæði og umhverfi hönnun framkvæmd	<i>car park and landscaping design construction</i>	Reykjavík, Ísland 1990-1991 1991
Umhverfi tjarnarinnar	norðurbakki Tjarnarinnar hönnun framkvæmd	<i>landscaping design construction</i>	Reykjavík, Ísland 1990-1992 1991-1992
Hæstiréttur Íslands	hús Hæstaréttar Íslands samkeppni hönnun framkvæmd	<i>Icelandic High Court competition design construction</i>	Reykjavík, Ísland 1993 1993- 1994-
House of 19	hugmyndaverk hönnun samstarfslistamaður	<i>conceptual project design collaborating artist</i>	London, Great Britain 1994 Þorvaldur Þorsteinsson
Durham	háskólabýgging boðskeppni, lokaúrtak	<i>new college, University of Durham invited competition, finalist</i>	Durham, Great Britain 1994
Eva - Company	tískuverslun hönnun framkvæmd	<i>fashion boutique design construction</i>	Reykjavík, Ísland 1994 1994
Höfðabakkabrú	gatnamót ráðgjöf	<i>highway interchange consultancy</i>	Reykjavík, Ísland 1994-1995

Building Design, I. Latham, July 1987  
 Architectural Review, F. Anderton, October 1987  
 Skala, E. Larsen, Oktober, 1987  
 Arkitekten, E. Larsen, November 1987  
 Art Random 68, Conversations, P. Cook, 1990  
 Building Design, J. Welsh, January 1990  
 Arkitekten, E. Larsen, January 1990  
 Arkitektnyttr 3, 1990  
 MD, April 1990  
 DBZ, P. Jesberg, Mai 1990  
 Architects' Journal, D. Periton, June 1990  
 de Architect, H. Damen, Juli / Augustus 1990  
 Architects Journal, S. O'Toole, August 1990  
 Arkkitehti 2, T. Keinänen, 1992  
 Architectural Review, C. Slessor, July 1992  
 Designers' Journal, R. Ryan, September 1992  
 Bauwelt, September 1992  
 Architectural Review, R. Ryan, October 1992  
 DBZ, Büro 92, 1992  
 Techniques & Architecture, B. Houzelle, Octobre / Novembre 1992  
 Irish Architect, E. Conroy, November / December 1992  
 AA files 24, G. Bjarnason, 1992  
 Plan 1, S. O'Toole, 1993  
 Art, P. M. Bode, März 1993  
 Baumeister, April 1993  
 A+U, April 1993  
 Domus, Aprile 1993  
 DB, April 1993  
 DBZ, P. Jesberg, Juli 1993  
 Casabella, Luglio / Agosto 1993  
 Architecture, R. Ryan, September 1993  
 International Interiors 4, L. Bullivant, 1993  
 Arkitektur DK 7, P. Sigurðsson, 1993  
 RIBA Journal, March 1994  
 RIBA Journal, R. Maxwell, April 1994  
 Blueprint, C. Darwent, May 1994  
 Costruire, M. Zerboni, Luglio / Agosto 1994  
 Techniques & Architecture, B. Houzelle, Juin / Juillet 1994  
 Detail, August / September 1994  
 New Office Design, O. Riewoldt, 1994

## SÝNINGASKRÁ / CATALOGUES

Intuition & Process, Themes VI, 1989  
 Aktion Poliphile, 42 Träume um ein Haus, 1990  
 11 Cities / 11 Nations, Contemporary Nordic Art and Architecture, 1990  
 Fenster zur Architektur, 19 Approaches, 1992  
 Mies van der Rohe Pavilion Award  
 for European Architecture 1992, 1993  
 DAM Architektur Jahrbuch, R. Schneider, 1993  
 New British Architecture, 1994  
 Íslandsk Byggningskunst, 1994

Margrét Harðardóttir, Reykjavík, 1959  
 Edinburgh University, Scotland B Soc.Sci., 1981  
 Architectural Association AA Dip., 1984  
 Steve Christer, Blackfyne, United Kingdom, 1960  
 University of Newcastle-upon-Tyne BA Hons., 1981  
 Architectural Association AA Dip., 1984

Ásdís Ágústsdóttir, 1988-1990, 1993  
 Gunnlaugur Ó. Johnson, 1987-1988  
 Haraldur Helgason, 1988-1994  
 Inga Björk Dagfinnsdóttir, 1987-1988  
 Jóhann Einarsson, 1987-1994  
 Keith Brownlie, 1991  
 Lárus Guðmundsson, 1990-1991  
 Régine Goueffon, 1988  
 Smári Smáráson, 1987-1991  
 Sólveig Berg Björnsdóttir, 1990-1991, 1993-  
 Steinar Sigurðsson, 1988-1992  
 Örn Þór Halldórsson, 1990

## VIÐURKENNINGAR / AWARDS

Nordiska plåtpriset, 1991  
 Menningarverðlaun Dagblaðsins fyrir byggingarlist, 1993  
 Shortlisted for Mies van der Rohe Pavilion  
 Award for European Architecture, 1992  
 Viðurkenning frá Lagnafélagi Íslands, 1993

## SÝNINGAR / EXHIBITIONS

Galerie Fenster, Frankfurt, 1989  
 Bartlett Gallery, London, 1991  
 Galleri AHO, Oslo, 1991  
 Salur Slunkarkfís, Ísafirði, 1992  
 Architecture Centre, Dublin, 1992

## SAMSÝNINGAR / GROUP EXHIBITIONS

Architectural Association, London, 1989  
 „RatHaus“ Messe, Frankfurt, 1990  
 Hochschule, Dortmund, 1990  
 RIBA, London, 1990  
 Architektur Forum, Zürich, 1990  
 Hochschule für Angewandte Kunst, Wien, 1991  
 Design Museum, London, 1992  
 Architecture Foundation, London, 1994  
 Arc en Réve, Centre d'Architecture, Bordeaux, 1994  
 Arkitektskolen i Aarhus, Aarhus, 1994  
 Aedes Galerie, Berlin, 1994  
 Ikon Gallery, Birmingham, 1995



Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavik: **Guðrún Jónsdóttir** formaður / chair, **Guðrún Ágústsdóttir**, **Helgi Pétursson**, **Inga Jóna Þórðardóttir**, **Jóna Gróa Sigurðardóttir**, **Tumi Magnússon**, **Selma Guðmundsdóttir** — Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavik Municipal Art Museum: **Gunnar B. Kvaran** — ljósmyndun / photography: **Guðmundur Ingólfsson**, **Dennis Gilbert**, **Norbert Miguletz**, **Sigurgeir Sigurjónsson**, **Uwe Laube** — þýðingar / translations: **Pétur H. Ármannsson**, **Studio Granda** — yfirlestur handrita / proofreading and editing: **Bernard Scudder** — umsjón með gerð sýningarskrár / catalogue production: **Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur** — hönnun sýningarskrár / catalogue design: **Hildigunnur Gunnarsdóttir**, **Studio Granda** — skeyting og filmuvinnsla / colour separation and montage: **PMS Prentstofa h.f.** — prentun og bókbönd / printing and bookbinding: **G.Ben. - Edda Prentstofa hf** — © Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir / The Reykjavik Municipal Art Museum, v/Flókagötu, 105 Reykjavik

